

## Hvað er bólusetning? Spillingin í heilbrigðiskerfinu

Flest okkar skilja væntanlega hugtakið, bólusetningu, sem svo, að það sé efni (veikluð útgáfa af smitveiru t.d.), sem sprautað er eða úðað inn í líkamann og veitir vernd gegn sjúkdómi. Þegar glögga Bandaríkjamenn rak í rogastans yfir því, að ábyrgar stofnanir (eins og Þórólfur nefnir þær) mæltu með bóluefnum, sem ekki veittu slíka vernd, kom babb í bátinn. (Anthony Fauci, Þórólfur Bandaríkjanna, hefur reyndar tekið eftir þessu líka.)

Hinum ábyrgu stofnunum datt það snjallræði í hug að endurskilgreina hugtakið. Efni telst nú bóluefni, örvi það ónæmiskerfið til varna gegn smiti. Bandaríski fjölmiðillinn, Epoch Times, komst yfir tölvuþósta starfsmanna Sjúkdómavarnastofnunar Bandaríkjanna (Centers for Disease Control), sem sýna aðdragandann.

Hörðustu covid-19 bólusetningaþaðáendur víðs vegar um heim gera sér nú grein fyrir, að bólusetning með nefndum efnum – mRNA efnin eru yfirleitt í brennidepli – vernda ekki gegn smiti og dreifingu veirunnar, en geta haft skelfilegar afleiðingar fyrir marga. Auk þess snýr veiruskömmin stöðugt á okkur, stökkbreytist sífellt. Nýjasta tilbrigðið kalla markaðsfræðingar lyfjafyrirtækjanna, „Mannfákinn“ (Centaurus). (Gætu hafa fengið stjörnufræðing í lið með sér.)

En misjafnt hafast mennirnir að í bólusetningamálum eins og öðrum. Það er eins og sumir embættis- og stjórnámálanna séu um þessar mundir að búa sig undir, að réttvísinn nái í skottið á þeim. Fullyrðingar hafa eru mildast og ábyrgðarokinu er jafnvel varpað yfir á aðra. Læknarnir eru tilvalinn hópur til þess arna.

Johannes Rauch, heilbrigðismálaráðherra Austurríkis, ætlar alla vega að nota lækna þjóðarinnar sem blóraböggla. Þeir skyldu, segir hann, fræða sjúklinga sína til gagns, svo þeir gætu tekið upplýsta ákvörðun um bólusetningu með efnum lyfjafyrirtækjanna.

En sá kynni að vera hængur á, að flestir lækna virðast ekki gera sér far um að brjóta vísindi lyfjafyrirtækjanna til mergjar með sjálfstæðum hætti, en trúna boðskapi þeirra og heilbrigðisyfirvalda. Allar ættu að þekkja þá sögu á Íslandi. En það eru vissulega uppörvandi, lýsandi undantekningar frá þessari meginreglu.

Lyfjaiðnaðurinn starfar ekki einungis á einstöku læknum og samtökum þeirra, heldur beitir hann sums staðar heilbrigðiskerfi ríkjanna beinun fjárhagslegum þrýstingi. Þetta er áberandi í ríkjum Afríku t.d. – oft í samstarfi við manngæskusjóði auðmanna – en á sér einnig stað í Evrópu. Árið 2020 dældi Pfizer t.d. 31 milljón evra inn í austurríska heilbrigðiskerfið til rannsókna og þróunar og til að plægja jarðveginn fyrir

markaðssetningu nýrra afurða. Líklega á enginn atvinnuvegur svo greiðan aðgang að skatthirslum íbúa.

Þeir, sem starfað hafa í heilbrigðiskerfinu í áratugi, þekkja gjörla þann fræðslu- eða áróðursþrýsting, stundum fylgt eftir með hlunnindum, sem lækna verða fyrir af útsendum lyfjafyrirtækjanna. Austurríku fjölmiðlarnir, „Wochenblick“ og „Krone Zeitung,“ fjölluðu nýlega um þetta í tengslum við kúvendingu Jóhannesar. Hann hefur nefnilega afnumið bólusetningarskylduna, sbr. greinargerð hans til þingsins.

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur komist að svipaðri niðurstöðu og Jóhannes í Austurríki. Hann hefur mælt fyrir um, að bólusetningarskylda ríkisstjórnarinnar þar í landi skuli takmörkuð við heilbrigðiskerfið.

Enda þótt dómur sé nú fallinn í Hæstarétti Bandaríkjanna um takmörkun bólusetningarskyldu stjórnvalda, er fólk bólusett í gríð og erg, börn ekki síst. Þar í landi sýnist – samkvæmt fjölmiðlum - hafa orðið 500% aukning í sölu á barnalíkkistum. Sum sjúkrahúsanna virðast hafa komið sér upp aukabúgrein, barnalíkbrennslu. (Vonandi bera staðreyndafyrirtækin þetta til baka.)

[https://bestnewshere.com/the-supreme-court-in-the-us-has-ruled-that-the-covid-pathogen-is-not-a-vaccine-is-unsafe-and-must-be-avoided-at-all-costs-supreme-court-has-canceled-universal-vax-3/?fbclid=IwAR353csMhbBpd4323xeCsly\\_r\\_AXIJeEKfgDNi6llagvo8ETK8V\\_aRca5UM](https://bestnewshere.com/the-supreme-court-in-the-us-has-ruled-that-the-covid-pathogen-is-not-a-vaccine-is-unsafe-and-must-be-avoided-at-all-costs-supreme-court-has-canceled-universal-vax-3/?fbclid=IwAR353csMhbBpd4323xeCsly_r_AXIJeEKfgDNi6llagvo8ETK8V_aRca5UM)

<https://www.cnbc.com/2022/01/13/supreme-court-ruling-biden-covid-vaccine-mandates.html>

<https://law.stanford.edu/2022/01/20/a-look-at-the-supreme-court-ruling-on-vaccination-mandates/>

[https://www.redvoicemedia.com/2022/07/hospitals-are-covering-up-baby-deaths-by-cremating-babies-themselves-john-olooney-with-maria-zeee/?utm\\_source=daily-email-breaking&utm\\_medium=email](https://www.redvoicemedia.com/2022/07/hospitals-are-covering-up-baby-deaths-by-cremating-babies-themselves-john-olooney-with-maria-zeee/?utm_source=daily-email-breaking&utm_medium=email)

<https://nationalfile.com/stew-peters-show-orders-for-child-size-coffins-spike-more-than-500-in-last-seven-months/>

[https://markcrispinmiller.substack.com/p/with-sales-of-child-sized-caskets?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://markcrispinmiller.substack.com/p/with-sales-of-child-sized-caskets?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2022/07/faktasjekk-reddet-vaksinen-20-millioner-mennesker/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/07/faktasjekk-reddet-vaksinen-20-millioner-mennesker/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://childrenshealthdefense.org/defender/infertility-a-diabolical-agenda-chd-wakefield-documentary-who-vaccines-global-population-cola/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=7e133681-7af4-4fdf-b25a-25a7e42ccc05](https://childrenshealthdefense.org/defender/infertility-a-diabolical-agenda-chd-wakefield-documentary-who-vaccines-global-population-cola/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=7e133681-7af4-4fdf-b25a-25a7e42ccc05)

<https://www.dagsavisen.no/nyheter/verden/2022/07/13/vaksinens-effekt-mot-smitte-og-mild-sykdom-er-na-helt-borte/>

<https://www.wochenblick.at/wp-content/uploads/2022/06/Beantwortung-der-Anfrage.pdf>

[https://www-pfizer-at.translate.google.com/verantwortung/transparenz/?x\\_tr\\_sl=de&x\\_tr\\_tl=no&x\\_tr\\_hl=en&x\\_tr\\_pto=wapp](https://www-pfizer-at.translate.google.com/verantwortung/transparenz/?x_tr_sl=de&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=wapp)

<https://www.foxnews.com/media/fauci-admits-covid-19-vaccines-protect-overly-well-infection>

[https://steigan.no/2022/07/e-poster-viser-hvorfor-cdc-endret-definisjoner-av-vaksine-og-vaksinert/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2022/07/e-poster-viser-hvorfor-cdc-endret-definisjoner-av-vaksine-og-vaksinert/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.theguardian.com/world/2022/jul/12/centaurus-virologists-express-concern-at-new-covid-subvariant-omicron?CMP=Share\\_iOSApp\\_Other](https://www.theguardian.com/world/2022/jul/12/centaurus-virologists-express-concern-at-new-covid-subvariant-omicron?CMP=Share_iOSApp_Other)

[https://www.theepochtimes.com/emails-confirm-why-cdc-changed-definitions-of-vaccine-vaccinated\\_4590628.html](https://www.theepochtimes.com/emails-confirm-why-cdc-changed-definitions-of-vaccine-vaccinated_4590628.html)

<https://www.krone.at/2741225>

<https://www.wochenblick.at/corona/haftungshammer-gesundheitsminister-bestaetigt-aerzte-bei-impfschaeden-verantwortlich/>

[https://www-wochenblick-at.translate.google.com/brisant/immer-wieder-pfizer-impfexperten-der-regierung-und-ihre-verbindungen-zu-big-pharma/?x\\_tr\\_sl=de&x\\_tr\\_tl=no&x\\_tr\\_hl=en&x\\_tr\\_pto=op,wapp](https://www-wochenblick-at.translate.google.com/brisant/immer-wieder-pfizer-impfexperten-der-regierung-und-ihre-verbindungen-zu-big-pharma/?x_tr_sl=de&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=op,wapp)

[https://www-wochenblick-at.translate.google.com/corona/im-sold-der-pharmaindustrie-so-eng-verflochten-ist-der-covid-19-beraterstab/?x\\_tr\\_sl=de&x\\_tr\\_tl=no&x\\_tr\\_hl=en&x\\_tr\\_pto=op,wapp](https://www-wochenblick-at.translate.google.com/corona/im-sold-der-pharmaindustrie-so-eng-verflochten-ist-der-covid-19-beraterstab/?x_tr_sl=de&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=op,wapp)

[https://www-wochenblick-at.translate.google.com/brisant/skandaloes-pharmaverbindungen-des-covid-19-beraterstabes-und-immer-wieder-pfizer/?x\\_tr\\_sl=de&x\\_tr\\_tl=no&x\\_tr\\_hl=en&x\\_tr\\_pto=op,wapp](https://www-wochenblick-at.translate.google.com/brisant/skandaloes-pharmaverbindungen-des-covid-19-beraterstabes-und-immer-wieder-pfizer/?x_tr_sl=de&x_tr_tl=no&x_tr_hl=en&x_tr_pto=op,wapp)

<https://www-wochenblick-at.translate.googleusercontent.com/brisant/naechster-skandal-impfexperten-der-regierung-mit-finanz-verbindungen-zur-pharma/? x tr sl=de& x tr tl=no& x tr hl=en& x tr pto=op,wapp>